Zonta
Landsfundur 2021
Hótel Natura

Laugardagur 11. september 2021

1. **Hildur Helga Gísladóttir formaður Zontaklúbbsins Sunnu**
   Formaður Sunnu Hildur Helga Gísladóttir bauð konur velkomnar.

2. **Fundarsetning Sigríður Björnsdóttir svæðisstjóri**
   Sigríður Björnsdóttir svæðisstjóri bauð konur velkomnar á Landsfund sem vegna ytri aðstæðna hefur ekki verið hægt að halda á réttum tíma. En að nú værum við samankomnar til að halda Landsfund og því bæri að fagna. Yfirskrift fundar: Frelsið er yndislegt.

3. **Skipun fundarstjóra og tveggja fundarritara**
   Fundarstjóri var tilnefndur Stella K. Víðisdóttir og fundarritarar þær Steinunn Arna Arnardóttir og Svana Steinsdóttir. Samþykkt samhljóða.

4. **Nafnakall.**
   Stella K. Víðisdóttir tók við fundarstjórn og 38 fundarkonur kynntu sig og frá hvaða klúbbi þær komu.

5. **Fundarstjóri kynnti dagskrá fundarins.**
   Dagskrá fundarins kynnt.

6. **Fundargerð síðasta landsfundar kynnt og borin upp til samþykktar.**
   Fundargerð síðasta landsfundar kynnt og vísað til þess að fundargerð hafi verið á vef sambandsins. Fundargerð samþykkt samhljóða.

7. **Skýrsla svæðisstjóra 2020 - 2021.**
   Skýrsla Sigríðar Björnsdóttur svæðisstjóra fyrir 2020-2021 er í Viðhengi A.

8. **Ársreikningur Zontasambands Íslands lagðir fram til samþykktar, Ragnhildur Bjarney Traustadóttir gjaldkeri ZI.**
   Ársreikningur Zontasambands Íslands sem Ragnhildur Bjarney Traustadóttir gjaldkeri ZI fór yfir og kynnti. Einungis voru fjórar færslur

á þessu ári sem er mjög óvenjulegt. Ragnhildur sýndi yfirlit yfir bankareikning ZI. Reikningar voru samþykktir með lófaklappi.

9. Skýrslur formanna klúbba.

Formenn eða staðgenglar þeirra fluttu skýrslur formanna klúbbanna sem er að finna í Viðhengi B.

10. Kosning varasvæðisstjóra

Sesselja Sigurðardóttir frá Þórunni hyrnu er í framboði og var kosin með lófaklappi. Tekur við af Sigríði Björnsdóttur á heimsþingi 2022.

11. Samþykkt á tilnefningu til varaumdæmisstjóra

Guðrún Hallu Gunnarsdóttur sem hlaut kosningu varaumdæmisstjóra í umdæmi 13 á umdæmisþinginu sem haldið var í morgun.

15:30 – 15:55. Kaffihlé

12. Zontasambands Íslands

Lagabreytingar – engar tillögur um lagabreytingar liggja fyrir fundinum og því fellur þessi liður niður.

13. Ákvörðun árgjalds og atkvæðisgjalds. Ragnhildur Bjarney Traustadóttir gjaldkeri

Ragnhildur bar upp tillögu um óbreytt árgjald 4000 kr á konu sem klúbburinn borgar. Proxy gjaldið verði einnig óbreytt 50.000 kr. Tillögur Ragnhildar bornar upp og samþykktar með lófaklappi

14. Tillögur og ályktanir sem borist hafa svæðisstjóra

Engar tillögur hafa borist.

15. Ný styrkjanefnd, Amelíu Erhart, tækninefnd o.fl.

Nefnd þvert á klúbba varðandi Amelíu Erhart og fleiri styrki – óskað er eftir tilnefningum frá öllum klúbbum til kynningar og að finna umsækjendur um styrkina. Sigríður Sía hjá Þórunni hyrnu mun leiða nefndina. Helga Ágústsdóttir tilnefnd frá Sunnum. Geirlaug Jóhannsdóttir tilnefnd frá Uglum. Guðrún Kvaran tilnefnd frá Reykjavík. Annet J Devink frá Zontaklúbb Akureyrar. Ragna Karls tilnefnd frá Emblum. Allar Zontakonur beðnar að hafa augun opin fyrir stúlkum í meistara eða doktorsnámi sem gætu verið kandídatar fyrir þessar umsóknir.

16. Önnur mál

Almennar umræður um hugmyndir að eflingu starfsins, hugmynd um að hafa kyndlagöngu í Reykjavík líkt og gert er á Akureyri 16. nóvember.

17. Kynning á Kvennaathvarfinu

Sigþrúður Guðmundsdóttir framkvæmdastýra Samtaka um Kvennaathvarf og Hulda Sædís verkefnastýra áfangaheimilisins voru með kynningu á starfi Kvennaathvarfsins og áfangaheimilinu sem verið er að opna í september 2021. Konur sem hafa verið í Kvennaathvarfinu munu eiga möguleika á að flytja inn í áfangaheimilið gegn lágri leigu, alls 18 konur munu geta búið í húsinu og í dag bíða 5 eftir því að geta flutt inn. Íbúðirnar eru búnar helstu húsgögnum en gert ráð fyrir að konurnar komi með leirtau, rúmföt og annað. Munu fá eftirfylgni af hálfu Huldu sem styður þær áfram í lífinu. Íbúðirnar eru 27 til 70 fermetrar. Leigan verður frá 87 - 130 þúsund krónum. Tilslökun hefur verið samþykkt vegna húsaleigubóta þannig að þær fái þær þó svo ströngustu skilyrði fyrir þeim séu í raun ekki uppfyllt. Leigan tímabundin en allt að 18 mánuðir til 2 ár. Markmiðið að konurnar verði sjálfstæðar og sjálfbærar og geti haldið áfram út í lífið.

18. Konum boðið í heimsókn í nýbyggingu Kvennaathvarfsins

Zontakonur fóru og skoðuðu áfangaheimilið en Zontaklúbbarnir á Íslandi styrktu verkefnið veglega á 100 ára afmæli Zonta árið 2019. Zontaklúbbarnir á Íslandi gefa Kvennaathvarfi einnig innflutningsgjöf að verðmæti 350 þúsund sem nýtt verður til að kaupa garðhúsgögn auk húsgagna í leikherbergi frá Ikea.

19. Fordrykkur og Hátíðarkvöldverður – Helga Ágústsdóttir var veislustjóri kvöldsins. Happdrætti sem Inga Jóna Óskarsdóttir og Jónína Guðný Árnadóttir sáu um. Afraksturinn rennur til kvennaathvarfsins. Þær voru einnig með skemmtiatriði undir borðum ásamt Ragnhildi Bjarney Traustadóttir. Stjórn Sunnu afhenti Sigríði Björnsdóttur blómvönd.

Sigríður Björnsdóttir þakkaði fundarkonum góðan fund og sleit fundi kl 21:30.

Viðengi A **Skýrsla svæðisstjóra**

Kæru Landsfundargestir
Þetta er ekki búið að vera auðvelt ár hjá okkur ætlaði ég að byrja að segja, en af hverju segjum við það alltaf að þetta sé ekki búið að vera auðvelt ?
Við höfum það mjög gott hérna á Íslandi við erum búin að bólusetja meirihluta þjóðarinnar og allir sem hafa áhuga hafa fengið bólusetningu.
Auðvitað er þetta búið að vera ár áskorana og það er hjá okkur í Zonta líka. Við höfum hinsvegar fundað oftar í stjórn sambandsins, já það er satt en bara rafrænt en við höfum haldið fundi og oftar en við ættum að gera af því við finnum að það hentar okkur vel að hittast oftar og ræða saman og skiptast á upplýsingum. Mér telst til að við höfum fundað eins og sjö sinnum í vetur.
Við höfum haldið sameiginlegan fund á Teams þar sem Vilborg Arna ræddi við okkur um 8848 ástæður til að gefast upp, já við höfum örugglega allar hugsað að þetta er bara komið gott hættum þessu bara og gefumst upp.
En NEI við gerum það ekki því við eru erum hérna til staðar fyrir hvor aðra það hafa það svo margir svo slæmt að við megum ekki missa móðinn. Zonta er ekki stór samtök á Íslandi en risastór á alþjóðavísu og við eigum að nýta okkur það við eigum að tileinka okkur og nýta það sem þau eru að gera úti í hinum stóra heimi og kannski getum við líka miðlað af okkar reynslu þar. Verum djarfar og hugsum stórt.
Auðvitað eru ekki allir klúbbar sem ganga vel það eru nokkrir sem eru að berjast, fáir meðlimir, konur að eldast, erfitt að fá konur í stjórnir og erfitt að fá konur til að taka þátt. Ekki gefast upp þið hafi gert þetta áður, miðlið til þeirra sem ekki hafa verið þar og hjálpið þeim að axla ábyrgð og bjóða sig fram í stjórnir. Ég sjálf er búin að detta inní embætti hvert af öðrum án þess að hræðast það því ég veit að ég get alltaf stólað á það séu konur sem hjálpa mér og þannig hefur það alltaf verið, ég hef ekki fengið eitt NEI ef ég bið um hjálp. Það er meðal annars ástæða þess að ég gefst ekki upp, það eru þið kæru Zontakonur og verkefnin sem við stöndum fyrir.
Við höfum tekið þátt í verkefni með 112 og vorum við beðnar að skrifa grein og Helga Hannesdóttir skrifaði þessa líka flottu grein ef þið hafið ekki lesið hana hvet ég ykkur til að gera það.
16 daga átakið gegn kynbundu ofbeldi er eitthvað sem Zonta á að stimpla sem meira inná, við höfum gert meira að því í gegnum árin og þá væri betri að spirða okkur saman við önnur samtök.
Það er alveg klárt mál að við munum koma til með að hafa aftur svona sameiginlegan fund á teams eða öðrum miðli, held það hafi verið almenn ánægja með það hjá okkur.
Afmælisár Zontaklúbbs Reykjavíkur en hann verður 80 ára á þessu ári við höldum að sjálfsögðu uppá það með þeim ágæta klúbbi. Við eigum að fagna og halda uppá sigra.
Og auðvitað það sama og venjulega við þurfum að efla vefinn okkar, þurfum að vera sýnilegri á facebook og koma okkur jafnvel á Instagram við þurfum að ná til meðlima sem sjá og hugsa já þarna vill ég vera með þessum flottu konum í Zonta. Ef við þurfum að kaupa aðstoð þá er það kannski eitthvað sem við þurfum að gera.
Við ætlum að stofna nýja nefnd þvert á klúbbana sem allir klúbbar eiga að tilnefna eina konu í, sem fer með kynningarmál á öllum þeim styrkjum sem hægt er að sækja til Zonta við viljum auglýsa okkur í skólunum og koma okkur þannig á framfæri við þurfum að gera betur þar, þá þurfum við að vera með okkar kynningarmál á hreinu með facebook og instagram osfrv.
Vinsamlegast sendið mér nafn á þeim sem ætlar að taka að sér að vera í þessari nefnd það eru ekki allir klúbbar búnir að gera það.
Við getum þetta saman.
Áfram Zonta og ég hlakka til að vera með ykkur hérna í dag og kvöld.

Viðhengi B

Skýrslur stjórna

Skýrsla stjórnar Zontaklúbbsins Sunnu 2020-2021

Starfsár Zontaklúbbanna er frá maí til apríl og hófst starfsárið með aðalfundi sem haldinn var á Nauthól fyrir réttu ári þar voru eftirtaldar sunnur kosnar í stjórn og skiptu þær með sér verkum á sínum fyrsta stjórnarfundi sem hér segir:

Hildur Helga Gísladóttir, formaður
Svana Steinsdóttir, varaformaður
Nanna Guðrún Marinósdóttir, gjaldkeri
Steinunn Arna Arnardóttir, ritari
Margrét Sigurðardóttir, stallari
Helga Ágústsdóttir, varastallari og vefstjóri og
Aldís Einarsdóttir meðstjórnandi

Stjórn hefur fundað reglulega og fyrir hvern fund sem áætlaður var á Zontadagatalinu, samtals 9 sinnum og alltaf yfir netið, eins og reyndar flestir fundir vetrarins urðu. Þar að auki hefur stjórnin átt í rafrænum samskiptum eftir þörfum og þau eru talsverð, þá hefur síminn að sjálfsögðu verið nýttur líka.
Boðað var til funda í klúbbnum alla mánuði eins og til stóð þótt þeir hafi orðið með öðru sniði en gert var ráð fyrir í upphafi. Mæting á fundina hefur verið misjöfn en oftast nokkuð góð. Fjármálum verða gerð skil hér á eftir og eins liggur ársreikningurinn frammi á Zontasíðunni Ég verð þó að geta þess að öflugar nefndir Zonta hafa snúið vörn í sókn og nýtt sér öll tækifæri til fjáröflunar með góðum árangri, sérlega ánægjulegt og einnig hvað zontasystur hafa tekið þeim fjáröflunum vel með góðri þátttöku.
Þegar líða tók á veturinn varð ljóst að umdæmisþingið í Noregi yrði ekki með hefðbundnu sniði og á vordögum var ákveðið að það yrði rafrænt. Sömuleiðis var landsfundinum frestað frá vori til hausts. Ákveðið hefur verið að þessir fundir verið sömu helgina, að við zontur á íslandi komum saman á landsfundi 11. september og tökum þar þátt í rafrænu umdæmisþingi um leið. Í þetta sinn stöndum við Sunnur fyrir landsfundinum þar sem Sigga er svæðisstjóri. Meira um það síðar á fundinum.
Fyrsta verk formanns og varaformanns var að mæta á „Heimsþing Zonta“ fengum alveg frítt far þangað ef svo má segja og tókum þátt beint af borðstofuborðinu þar kusum við um fólk, lagabreytingar, vinnulag og verkefni Zonta International. Kosningarnar áttu að fara fram á Heimsþinginu i Chicago í byrjun júlí sem var aflýst vegna Covid 19.
Þetta verkefni var nokkuð krefjandi en mjög áhugavert og vel að því staðið. Sérstaklega verð ég að hrósa kynningunum á frambjóðendunum.
Ein tillagan kvað á um að svæði með færri en 300 meðlimi gætu ekki verið sér svæði, það náðist sem betur ver ekki í gegn. Við kusum okkar eigin Dorte í stjórn ZI, og hún komst þar inn ásamt fleiri duglegum konum eins og kynnt hefur verið og sjá má á Zontasíðunni alþjóðlegu.

Í júlí hélt Golfnefnd Zontaklúbbsins glæsilegt golfmót í Öndverðarnesi, mótið var vel sótt og mikill metnaður lagður í allan undirbúning og framkvæmd, svo mikill að amk. ein kona sem mætti án golfsetts íhugaði um hríð að fá sér slíkt. Takk kæru konur í golfnefndinni, þetta var frábært mót.
September var fyrsti rafræni fundirinn haldinn og við prófuðum okkur áfram í tækninni.
Sigga okkar, Sigríður Björnsdóttir, nýr svæðisstjóri sagði frá verkefnum svæðisstjóra og væntingum sínum til embættisins. Á fundinum var ákveðið að hefja Zontagöngur þar sem

konur gætu notið samvista, spjallað og gengið saman en samt að gætt að nálægðartakmörkunum.
Fjölmargar göngur voru farnar, ég hef reyndar ekki tölu á þeim öllum en gott var að hittast á gönguför og aðrir hittingar ekki í boði, og heilsusamlegt var það. Vonandi halda göngurnar áfram.
Í október var aftur rafrænn fundur og var hann með hefðbundnu sniði, ræddum við vetrarstarfið og skipan nefnda. Konur fóru hringin og sögðu frá því helsta sem drifið hefði á daga þeirra frá því um vorið og Hildur og Svana sögðu frá heimsþiningi ZI.
Í nóvember var rafrænn fundur þar sem Árelía Eydís Guðmundsdóttir, dósent og rithöfundur flutti erindið: Veldu að verða betri en ekki bitrari! Umfjöllun um lífskaflana, lífshaminguna og Kóvít.
Zonta tók þátt í 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi með því að vekja athygli á málefninu.
Jólafundurinn var haldinn í desember á rafrænan hátt auðvitað, stuttu fyrir fundinn birtust zontasystur í jólafundanefndinni óvænt færandi hendi heim til okkar hinna með veitingar ofl. til að njóta á fundinum, þar las Vilborg Davíðsdóttir úr bókinni Undir Yggdrasili og Berglind Víðisdóttir flutti hugvekju og talaði um hugrekki og fyrirmyndir. Takk jólafundarnefnd, fundurinn og aðdragandinn að honum var sérlega góður.
Fjáröflunarnefndin stóð fyrir glæsilegum og vel lukkuðum popup markaði og seldi túlípana í desember. Á markaðinum var hægt að kaupa margt góðra muna og m.a. handgerðar og umhverfisvænar tauvörur Önnu Margrétar sem stjórnaði og kenndi nefndarkonum að hekla söluvörur. Virkilega vel gert og hagnaður góður og enn og aftur bauð Ragga uppá húsnnæðið. Takk kærlega fjáröflunarnefnd.
Í Janúar bauð Zontasambands Íslands upp á sameiginlegan fund allra klúbbana. Þar sem Vilborg Arna Gissurardóttir pólfari hélt fyrirlestur sem hún kallaði "8848 ástæður til þess að gefast upp" Gafst fundargestum svo tækifæri til fyrirspurna eftir erindið.
Febrúar fundurinn hélt UN CoE nefndin kynningu/vefnámskeiðið um Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna og samstarf Zonta við nefndina o.fl. því tengt. Fundurinn var sameiginlegur með öllu 13 umdæmi og var hann endurtekinn tvisvar.
Í mars tók Zontasambandið og þar með við þátt í árvekni átaki um ofbeldi gagnvart öldruðum í samvinnu við 112 og Ríkislögreglustjóra, afar þarft verkefni um viðkvæmam hóp sem kvartar síður en aðrir aldurhópar.
Skvísukvöld var haldið í Harðarbóli í mars og má segja að þar hafi mætt félagsþyrstar konur sem fengu fylli sína af gleði, söng og dásamlegum kótilettum að ekki sé minnst á happdrættið og félagsskapinn. Þvílíkt hve það var gott að geta komið saman og skvett úr klaufunum og grætt helling til góðra málefna í leiðinni. Svoleiðis gerist ekki nema mikið sé á sig lagt og það gerði skvísunefndin sannarlega með Röggu í fararbroddi sem bæði var kokkur og veislustjóri kvöldsins auk þess að útvega salinn og já, takk elsku Ragga og skvísunefndin.
Það hefur aldri verið auðveldara að komast á Kvennanefndarfund SÞ en í ár, fundirnir voru aðgengilegir rafrænt og þurfti bara að skrá sig til að geta tekið þátt, það er þó frekar erfitt fyrir athyglina að sækja marga fundi dag eftir dag á þann hátt. Zonta International kom að amk. einum fundanna.
Aprílfundurinn var kynning UN og CoE nefndarinnar á starfssemi Evrópuráðsins og áhrif og starfsemi Zonta í tengslum við það.
Fundurinn var eins og fyrri fundur boðaður fyrir allt umdæmið og var ágætis mæting hjá okkar konum, við vorum 30% af fundargestum af öllu 13. svæði.

Starfsárið hefur auðvitað ekki verið með hefðbundnum hætti þó okkur hafi tekist að halda fundi alla 9 mánuðina. Eiginlega einkenndist það af því að vera afskaplega rafrænt. Vonandi verður það aldrei þannig aftur.
Styrkir

Við höfum undanfarin 2 ár styrkt heimaverkefni um valdeflingu kvenna af erlendum uppruna, en við samþykktum á sínum tíma að styrkja það í 2 ár um allt að 500 000 kr. Verkefnið og afrakstur þess verður kynnt hér á eftir.
Í aðdraganda aðalfundarins settum við upp könnun um hvert af fjórum alþjóðaverkefnum Zonta konur vildu helst styrkja, samhliða því var hægt að kynna sér verkefnin. Við munum svo væntanlega ákveða verkefnastyrki á þessum fundi.
27 konur eru í klúbbnum af þeim eru 2 í leyfi vegna veikinda. Aldursdreifingin er breið en við erum fæddar á árunum 1943 – 1975, Flestar okkar búa í Reykjavík, margar í Hafnarfirði og Garðabæ, sumar í Mosó og í Kópavogi og ein á Selfossi.
Klúbburinn er nú orðinn 18 ára, við erum heppnar að hann er bara klúbbur, ekki strákur, stelpa eða kvern, nýkomið með bílpróf að prufa skemmtanalífið og hefja síðasta árið í framhaldsskóla í haust en vitandi ekkert hvert hugurinn stefnir um framtíðina, veipandi og prufandi eitt og annað. Nei við í Z Sunnum vitum hvað við viljum með klúbbinn og hvert við stefnum, 18 er lág tala í Zontaklúbb, þeir eru margir komnir á mun virðulegri aldur. En þó við séum bara 18 erum við mikið að hugsa um að fjölga okkur eins og við höfum gert lengi og stundum með góðum árangri, vonandi verður komandi starfsár gjöfulla hvað það varðar en við getum glaðst yfir að ná að halda í alla félagana okkar þrátt fyrir árferðið.
Nefndir klúbbsins eru;

a) Fræðslu- og fjáröflunarnefnd
b) Ameliu Erhart nefnd
c) Golfnefnd
d) Göngunefnd
e) Jólafundarnefnd
f) Laganefnd
g) Óvissuferðarnefnd
h) Val-og nýliðanefnd
i) Vefsíðu- og myndanefnd
j) Skvísufundarnefnd

Ég sé á skýrslum nefndanna að Sjáland veitingastaður í Garðabæ er heitasti Zontasamkomustaðurinn og að flestir fundir nefnda hafa verið haldnir þar, það væri þess vert að við kæmum þar saman allar í haust á fundi.
Stjórnarkonum og Zontakonum öllum þakka ég fyrir afar gott samstarf á starfsárinu, það er þegar hlutirnir taka óvænta stefnu að styrkleikar fólks koma í ljós og það hafa þeir sannarlega gert í starfi Zontaklúbbnum Sunnu sem ykkur, kæru systur, tókst svo vel að vinna úr í þessu sérstaka árferði sem við höfum deilt með heimsbyggðinni allri síðast liðin misseri.

Skýrsla stjórnar Zontaklúbbs Borgarfjarðar Uglur

Maí 2020 til september 2021

Síðasti aðalfundur var haldinn í húsnæði Samfylkingarinnar á Akranesi 26. maí 2020. Þá voru eftirfarandi kosnar í stjórn. Guðríður Sigurjónsdóttir formaður kosin til eins árs, Bergþóra Sigurjónsdóttir varaform situr áfram annað árið í röð, Hildur Aðalbjörg Ingadóttir gjaldkeri situr áfram annað árið í röð, Ulla Rolfsigne Pedersen ritari situr áfram annað árið í röð og Sigrún Guðmundsdóttir stallari kosin til tveggja ára.
Ekki var skipað í fastanefndir enn kosnir vor 3 fulltrúar í kjörnefnd þær Ingibjörg, Þórný og Signý og skoðunarmenn þær Anna Gerður og Theodóra. Stjórnin ákvað að aðrar nefndi klúbbsins yrðu óbreyttar.
Sædís Þórðardóttir var vígð inn í kúbbinn á síðasta aðalfundi.
Starfsárið:
Starfsárið hefur einkennst af heimsfaraldri covid 19 og hefur vegna fjöldatakmarkanna verið lítið fundað. Við héldum aðalfund í maí 2020 og síðan þá höfum við fundað 2 sinnum í raunheimum og svo á netinu.
Jólafundurinn var rafrænn haldinn 20. nóvember. Við búum dreift um svæðið frá Akranesi upp á Hvanneyri. Ákveðið var að keyra heim til allra félagskvenna á fundardegi, bigóspjöldum, veitingum sem innihéldu heimabakaðar Sörur af Kolbúnu fyrr um félagskonu hjá okkur, litla rauðvínsflösku, jólaöl og bjórdós. Vakti þetta mikla lukku og var fundurinn í alla staði mjög vel heppnaður.
Þann 11. mars sl. var félagsfundur á veitingastaðnum B59 í Borgarnesi þar sem vinátta var viðfangsefni fundarins, lesin voru ljóð, sagðar sögur af vináttu og rætt hvernig Zonta hefur gefið okkur og fært okkur nýja vináttu, snæddum góðan mat og áttum notalega kvöldstund saman.
Stjórnin hefur fundað reglulega. Höfum við hist í heimahúsum og á veitingastað. Eins hafa verið sendir fjölmargir tölvupóstar og Facebook skilaboð bæði á stjórn og allann klúbbinn. Formaður hefur reynt að upplýsa félagskonur og vera í reglulegu sambandi bæði við stjórn og félagskonur almennt allt starfsárið.
Guðríður hefur setið formannafundi á netinu og hefur þar starf klúbbanna verið rætt. Haldinn var einn sameiginlegur fundur allra klúbbanna á Zoom og var hann mjög vel heppnaður.
Fjáraflanir hafa verið litlar á starfsárinu enn við eigum tölvert safn af kortum og kertum sem hefur verið okkar helsta fjáröflun.
Við útskrift úr Fjölbrautaskóla Vesturlands og Menntaskólanum í Borgarbyggð færir Zontaklúbburinn Ugla konu hvatningarverðlaun til frekara náms ár hvert. Þetta eru bókaverðlaun sem ætluð eru þeirri konu sem unnið hefur persónulega sigra og á einhvern hátt verið hvatning fyrir aðra, ekki endilega sú sem skilar hæstu einkunum. Þetta eru verðlaun sem koma alltaf skemmtilega á óvart og veita alltaf jafn mikla gleði
Það er flókið að draga vagninn í svo fámennum klúbbi eins og við erum. Eftir þennan vetur stöndum við sennilega ekki eftir nema 10. Við erum fámennar enn öflugar og zontahjartað okkar er sterkt. Til umræðu kom að leggja klúbbinn okkar í einhvern dvala eða sameina hann öðrum klúbbi enn þegar það var borið upp við hópinn voru allar á því að það ætti ekki að gera. Við ætlum að keyra okkur í gang og reyna að leggja áherslu á að fjölga í hópnum. Við bindum miklar vonir við að það takist. Þann 20. október 2022 fagnar klúbburinn 10 ára afmæli og stefnum við á að þá verðum við orðnar fjölmennari. Sjáum hvað framtíðin ber í skauti sér.
Frammundan er aðalfundur í byrjun október og vonumst við til að geta farið að funda reglulega eftir það.

Takk fyrir

Samatekt skýrslu stjórnar Guðríður Sigurjónsdóttir formaður Ugla

Zontaklúbburinn Embla

Í klúbbnum eru nú 29 félagar.
Í ljósi aðstæðna hafa fundir, allir nema 3, farið frá á netinu með fjarfundarbúnaði. Aðalfundur var haldinn með mætingu í maí sl.
Auk nauðsynlegra fundarstarfa höfum við fengið fyrirlesara til fræðslu og skemmtunar:

- Erla Björnsdóttir flutti erindi sitt: Betri svefn.
- Soffía Vagnsdóttir flutti erindið: Skólinn og framtíðin.
- Nína Björk Jónsdóttir sagði frá bók sinni: Íslandsdætur.
- Birna Þórarinsdóttir Framkvæmdastjóri Unichef á Íslandi sagði frá starfsemi þeirra.
- Ingibjörg Kaladal og Ragna Karlsdóttir sögðu frá jarð- og jarðeðlisfræði Reykjanesskaga og athugunum í aðdraganda goss.

Embla styrkir eftirfarandi verkefni:

- Alþjóðaverkefni ZI,
- Skjólið, Hjálparstarf kirkjunnar,
- Túlkaþjónustu Kvennaathvarfs,
- Menntasjóð Mæðrastyrksnefndar.

Fjáröflun fer fram með ýmsu móti:

- Jólamarkaður þar sem seldur er ýmis konar varningur sem félagar hafa unnið svo og jólapappír og smákökur svo eitthvað sé nefnt.
- Páskablóm
- Vorblóm
- Afgangur af matarpeningum fer til að styrkja félaga til ferða á Zontaþing.

Zontaklúbbur Reykjavíkur Skýrsla formanns starfsárið 2019-2020

Starfsárið 2019-2020 hófst á því að 10 konur úr klúbbnum fóru á umdæmisþing sem haldið var í Kaupmannahöfn daganna 12.-15. september 2019.

Í sumarfríinu eða í byrjun september þá vorum við 3 konur úr ZR sem hittum 4 amerískar zontakonur, frá Texas, sem höfðu samband þar sem þær voru á ferð um landið. Það virkilega gaman að þær skildu hafa samband. Við áttum notalega kvöldstund saman. Leiðilegt að geta ekki hitt þær í Chicago í sumar og endurnýjað kynnin.

En alls höfum við haldið 7 fundi þurfti apríl fundi vegna Covid veirunnar. Mæting á fundi hafa verið allt frá 13 og upp í 20 konur.

Eins og venjulega í september var gert ráð fyrir að fara í haustferð og að þessu sinni var stefnt í Hvalfjörðinn 5. september en því miður þá varð að fresta henni vegna veðurs. Þar sem við gátum ekki haldið fund í ferðinni þá var haldinn félagsfund þann 15. september, sem er viku seinna en áætlaðir fundir. Þar mættu 13 konur og var eitt fundarefnið það að leggja niður Margrétarsjóð og nota peningana í það að styrkja húsbyggingasjóð Kvennaathvarfsins, í tilefni af 100 ára afmæli Zonta International. 8. nóvember, á formlegum afmælisdegi Zonta International, var haldið málþing af öllum Zontaklúbbum á Íslandi. Mæting var góð og erindi áhugaverð. Eftir hátíðina fóru nokkrar konur og gestir yfir á Hótel Sögu og nutu samvista og borðuðu góðan mat.

Sameiginlegur fundur með Uglum, sem haldinn var í félagsheimili golfklúbbsins 17. október og var það hin besta skemmtun og mættu um 6-7 konur frá ZR.

Nóvemberfundur var haldinn í heimahúsi hjá Zontakonunni Ólöfu Kolbrúnu og var það hinn svokallaði Sláturfundur, sem er komin hefð á.
Jólafundur var haldinn í Söngskóla Reykjavíkur þar sem rúmlega 20 konur úr klúbbnum og gestir mættu. Haldin var hugvekja af Aldísi Rut Gísladóttur presti í Langholtskirkju, söngatriði frá Sigurbjörgu Thelmu og samsöngur í lokin.

Plokkfiskfundurinn sem haldinn var hjá Zontakonunni Önnu Björnsdóttur var í seinna fallinu þar sem hún var erlendis á okkar rétta fundartíma. Á fundinn mættu 20 zontakonur og gestir. við hana Gunnhildi Óskarsdóttur frá Göngum saman til að segja okkur frá starfinu þeirra.

Stjórnir Zontaklúbbs Reykjavíkur og Zontaklúbburinn Embla hittust á fundi í febrúar og ræddum við um mögulegt samstarf, t.d. með því að halda sameiginlega fundi. Þær tóku vel í það og verða það þá næstu stjórnir sem taka boltann þar um. Verður gaman að fylgjast með því.

Febrúarfundur var í heimahúsi hjá Zontakonu, Helgu Hannesard. þar sem vel var tekið á móti okkur 15 konum sem mættar voru. Erindi var frá Zontakonu, henni Hugrúnu sem er smitsjúkdómalæknir og fræddi hún okkur um Kórónuveiruna Covid 19.

Fundur í mars heima hjá Zontakonunni Hörpu Harðardóttur og þar voru mættar um 13-14 konur. Við fengum gest á fundinn og var það samstarfskona mín, Áslaug Katrín landslagsarkitekt sem sagði okkur frá vistræktun.

Þann 4. apríl átti að loksins að fara í ferðina um Hvalfjörðinn en honum varð að fresta aftur vegna Covid 19 veirunnar, en stefnt er að því að fara í haust, það er ekki búið að gefast upp á Hvalfirðinum. Aðalfundurinn haldinn í seinna lagi út af Covid 19 og var það þann 26. maí í sal Söngskólans í Reykjavík. Mættar voru 16 konur. Nýr formaður tók við embætti, Regína Höskuldsdóttir, nýr meðstjórnandi Helga Hannesdóttir, aðrar voru kjörnar aftur.

Fjáraflanir: seldar voru 100 ára afmælisnælur sem klúbbarnir keyptu og ágóðinn gekk upp í sameiginlega afmælishátíð þann 8. nóvember. Í byrjun desember, 1. Helgin í aðventu, fórum við á jólamarkaðinn við Elliðavatn og voru þar laugardag og sunnudag. Það var frekar dræm sala á laugardeginum og fátt fólk þar en á sunnudeginum gekk það örlítið betur. Fengum þó í kassann rúmleg 100 þús kr. Margrétarsjóður lagður niður og 2 milljónir sem voru í sjóðnum gekk upp í sameiginlega gjöf til Húsbyggingasjóð Kvennaathvarfsins.

Reykjavík júlí 2020,
Þuríður Ragna Stefánsdóttir Formaður Zontaklúbbs Reykjavíkur 2018-2020

Skýrsla stjórnar Zontaklúbbs Reykjavíkur fyrir starfsárið 2020 -2021 lögð fram á aðalfundi 11. maí 2021.

Í stjórn Z.R. sem skipuð var á síðasta aðalfundi eru:

Regína Höskuldsdóttir formaður
Hlín Helga Pálsdóttir varaformaður
Guðríður Einarsdóttir gjaldkeri
Guðrún Halla Gunnarsdóttir ritari
Ólöf Kolbrún Harðardóttir stallari
Hugrún Ríkarðsdóttir varastallari
Helga Hannesdóttir meðstjórnandi

Það er óhætt að segja að þetta starfsár hafi verið afar óhefðbundið þar sem alheimsfaraldurinn covid-19 setti heldur betur strik í reikninginn og takmarkaði verulega fyrirhugaða starfsemi klúbbsins.

Einn af fáum þáttum í starfsemi Zontaklúbbs Reykjavíkur sem var með eðlilegum hætti á starfsárinu var að stjórnarfundir féllu aldrei niður, voru vel sóttir, stundum af grímuklæddum konum sem héldu sig í hæfilegri fjarlægð hvor frá annarri og þá gjarnan hér í Söng-skólanum en líka heima hjá Hlín Helgu þar sem alltaf er vel tekið á móti okkur. Fundirnir hafa mikið til snúist um að skipuleggja starfsemina aftur og aftur til þess svo að fresta viðburðum og byrja upp á nýtt. Lagt var upp með metnaðarfull áform um að fjölga félögum en af þeim komst lítið í framkvæmd vegna ástandsins í þjóðfélaginu. Framundan er 80 ára afmælisfagnaður í haust sem nánar verður komið inn á undir liðnum önnur mál. Úr stjórn munu ganga tvær mætar konur þær Guðríður Einarsdóttir sem hefur verið gjaldkeri klúbbsins árum saman og Guðrún Halla ritari sem óskað hefur verið eftir að taki að sér embætti vara- og síðar umdæmisstjóra í umdæmi 13 og er það auðvitað mikill heiður bæði fyrir hana og eins klúbbinn okkar. Báðum þessum konum vil ég þakka fyrir vel unnin störf og óska þeim velfarnaðar. Hér verður lagt til að Guðríður verði skoðunarmaður reikninga klúbbsins og er það vel enda hefur hún staðið sig með eindæmum vel sem gjaldkeri eins og þið vitið. Eins vil ég þakka öðrum stjórnarkonum sem munu sitja áfram fyrir að hafa haldið dampi með mér á þessu nokkuð erfiða og skrýtna starfsári. Þó möguleikar til fjáröflunar hafi verið nánast engir, hvorki jólabasar né tekjur af mat þar sem fundir féllu niður er með ólíkindum að reikningar starfsársins séu í plús og er það nær eingöngu einni konu að þakka, henni Kolbrúnu Sæmundsdóttur sem hefur lagt til efni og vinnu í kortin okkar fallegu.

Einungis einn klúbbfundur þar sem konur gátu komið saman auk aðalfundarins í maí 2020 var haldinn þriðjudaginn 8. september. Sá fundur var að vísu einstaklega vel heppnaður og var honum varið sérstaklega til að fjalla um Zonta-málefni sem varaformaðurinn Hlín Helga gerði með miklum glæsibrag og var góður rómur gerður að. Sömuleiðis gerðum við vel við okkur í mat og fóru konur heim vel nestaðar af fundinum, bæði af mat og góðum hugmyndum um ágæti starfs Zontahreyfingarinnar.

Segja má að það hafi engu að síður verið afrek að ná konum saman tvisvar á starfsárinu ef marka má það sem heyrst hefur frá öðrum klúbbum.

Sumir aðrir klúbbar hafa hins vegar haldið fleiri rafræna fundi en það fyrirkomulag virðist ekki henta okka félögum eins vel.

Svæðisstjóri svæðis 3, Sigríður Björnsdóttir bauð til sameiginlegs rafræns fundar 20. janúar með öllum klúbbum landins þar sem aðal fyrirlesari var Vilborg Arna pólfari og var yfirskrift fundarins: “Að gefast ekki upp”, og átti titillinn vel við í ljósi aðstæðna. Okkur taldist til að 7 konur frá Z.R. hefðu tekið þátt í fundinum.

Við reyndum svo aftur og buðum til rafræns fundar fyrir klúbbkonur í febrúar en þátttaka var heldur dræm og var því ákveðið að vera ekki að boða til fleiri slíkra og bíða hreint og beint til

vorsins þegar vænta mætti að búið væri að bólusetja flestar konur og stefna þá á að hittast eins og við erum að gera núna.
Svæðisstjóri hefur haldið reglulega fundi með formönnum klúbbanna á starfsárinu og höfum við Hlín Helga verið þátttakendur í nær öllum þeim fundum. Þar hafa málefni klúbbanna og ýmislegt í alþjóða -starfinu verið rætt og hvernig bregðast megi við þeim truflunum sem covid-19 hefur valdið. Hlín Helga mun koma með nokkrar fréttir frá alþjóðastarfinu hér undir liðnum, önnur mál. Á þessum formannafundum skiptust konur einnig á hugmyndum um fjáröflun, ræddu fyrirhugað umdæmisþing sem vera átti í Noregi sem auðvitað breyttist svo í að verða rafrænt þing 9. – 12. september. Landsfundinum sem vera átti í júní hefur svo jafnframt verið frestað til sama tíma í haust, en hann verður á vegum Sunnanna að þessu sinni.
Ákveðið var að Zontahreyfingin á Íslandi tæki þátt í átaki í samráði við neyðarlínuna þar sem stuðlað væri að vitundarvakningu um ofbeldi gegn konum, en ofbeldi hefur aukist gríðarlega á tímum faraldursins. Okkar framlag í Z.R. var að Helga Hannesdóttir skrifaði afskaplega vandaða grein sem birtist í dagblöðum um ofbeldi gegn öldruðum og var góður rómur gerður að hennar skrifum þar sem jafnframt kom fram að um Zontakonu og átak Zonta væri að ræða.
Sömuleiðis hefur svæðisstjóri sett niður nefnd til að fjalla um sjóði samtakanna og styrkveitingar úr þeim, eftir að í ljós kom að einungis Þórunn Hyrna hefur verið að sinna þeim málum hér á landi. Guðrún Kvaran hefur fallist á að vera okkar fulltrúi í nefndinni og er það vel þar sem Guðrún hefur setið í Amelíu Earhart nefnd Z.R. og kynnt þá styrki í H.Í.
Á einum formannafundinum kom fram að opnað hefði verið athvarf fyrir heimilislausar konur í Grensáskirkju þar sem mikill skortur væri á alls kyns efni til hannyrða og tók Hlín að sér að útvega töluvert magn af slíku efni sem fór til starfseminnar í nafni Z.R.
Lengi vel reyndum við að stefna að sameiginlegum fundi með Emblunum en af því gat því miður ekki orðið en það verður verðugt verkefni á komandi starfsári.
Umdæmisfundur á *skype* var haldinn í ágúst með formönnum klúbbanna á Íslandi með Jane Bordal umdæmisstjóra þar sem farið var yfir stöðuna hjá hverjum klúbbi fyrir sig og ýmsir möguleikar ræddir á að fjölga í klúbbunum og eins að halda í nýja félaga. Auðvitað var umdæmisþingið til umræðu enda mikill hugur í Norðmönnum fyrir þingið.
Nú að loknu þessu starfsári horfum við bjartsýnar fram á veginn og munum fagna 80 ára afmæli 16. nóvember, komast vonandi í langþráða og margfrestaða ferð okkar í Hvalfjörðinn 18. september sem Ferða-, mynda- og minjanefnd hefur skipulagt svo vel.
Fyrrnefnd nefnd, að öðrum nefndum ólöstuðum hefur unnið frábært starf á undanförnum árum við að flokka, skrá og koma gögnum til skila til Kvennasögusafnsins og langar mig að biðja Hlín um segja örlítið meira frá því góða starfi þegar hún stígur hér á stokk á eftir.
Svo er þess að geta að Þuríður Ragna var atkvæðisberi á heimsþingi Zonta sumarið 2020, en það var haldið á netinu.
Að lokum vil ég biðja Helgu Hannesdóttur um minnast tveggja félaga sem létust á árinu þeirra: Viktoríu Viktorsdóttur og Sigurlaugar Jónsdóttur .

Skýrsla Zontaklúbbsins Þórunn hyrna
Fyrir starfsárin 2019 – 2020 og 2020 – 2021

Starfsárið 2019 – 2020 var óvenjulegt að því leyti að Covid – 19 setti verulegan strik í reikninginn frá byrjun mars 2020. Á starfsárinu voru því einungis haldnir 9 fundir, þar sem aprílfundi og aðalfundi var frestað vegna samkomubanns. Ákveðið var að reyna að halda aðalfund í byrjun júní, en eftir óformlega könnun meðal klúbbkvenna á facebooksíðu klúbbsins, var ákveðið að fresta aðalfundi til haustsins 2020.
Það nýmæli var tekið upp á starfsárinu að skipa konur sem fundarstjóra á hverjum fundi. Var það gert til að valdefla konur og sem hvatning til að taka virkan þátt í fundum.
Á fyrsta fundi vetrarins kynnti Ingibjörg Auðunsdóttir hugmynd af fjáröflunarleið fyrir klúbbinn. Um er að ræða listaverkasölu. Var tekið vel í hugmyndina, en vegna COVID 19 var framkvæmdinni slegið á frest um amk eitt ár.
Í septembermánuði sóttu 6 vaskar klúbbkonur svæðisþingið í Kaupmannahöfn og komu þær glaðar og fróðari til baka eftir góðan fund.
Mikil vinna var lögð í 100 ára afmælishóf Zontasambandsins undir dyggri stjórn okkar konu Ingibjargar Auðunsdóttur. Dagskrá afmælishófsins var streymt norður á Borgir við Háskólann á Akureyri, þar sem hópur Zontakvenna safnaðist saman til að taka þátt í hátíðarhöldunum. Yfirskrift afmælisfundarins var „Ísland í heiminum, heimurinn á Íslandi“ Zonta eflir og styrkir konur.
Í október var sameiginlegur fundur með Zontaklúbbi Akureyrar, haldin að Brúnum í Eyjafjarðarsveit. Aðalinnihald fundar, Þóra Ákadóttir kynnti á starf svæðisstjóra og sagði frá nýafstöðnu svæðisþingi í Kaupmannahöfn. Jafnframt voru kynnt drög að dagskrá fyrir 100 ára afmælisfagnað Zontahreyfingarinnar.
Þann 26 nóvember ár hvert hefst 16 daga átakið gegn kynbundnu ofbeldi. Að þessu sinni sameinuðu krafta sína báðir Zontaklúbbarnir á Akureyri ásamt Soroptomistaklúbbi Akureyrar. Gengið var fylktu liði frá Hofi upp í Akureyrarkirkju þar sem haldin var stutt samkoma. Að þessu sinni var gengið með kyndla og appelsínugular Zontaregnhlífar sem konur fengu á svæðisráðstefnunni í Kaupmannahöfn.
Hinn hefðbundni laufabrauðsskurður og steiking gekk mjög vel. Konur voru að mestu búnar að skera allar kökurnar þegar mætt var til steikingar í Oddeyrarskóla síðdegis föstudaginn 15 nóvember.
Janúarfundir klúbbsins eru helgaðir kynningum á ýmsum verkefnum kvenna. Í ár sagði Zontakonan Sigríður Sía Jónsdóttir okkur frá Doctorsverkefni sínu „Meðganga og fæðingar kvenna sem finna fyrir sálrænni vanlíðan“. Mjög fróðlegt og athyglivert verkefni.
Árlega á hafa Zontaklúbbarnir á Akureyri og Jafnréttisstofa sameinast um að halda upp Alþjóðlegan baráttudag kvenna þann 8. mars. Á árinu bættist Soroptomistaklúbbur Akureyrar í hópinn. Undanfarin ár hefur skapast sú hefð að halda klukkutíma hádegisfund þenn dag. Í þetta sinn var ákveðið að tileinka fundinn ungum foreldrum og spurningunni um hvernig þeim gangi að samræma uppeldi barna og fjölskyldulíf við atvinnu sína. Yfirskrift fundarinn var: Jafnréttiskynslóðin. Áskoranir fjölskyldunnar á tímum jafnréttis. Á þessum tíma var COVID að stinga niður nefi og í ljósi þess var ákveðið að fella niður dagskrána. ákvörðun var mjög erfið en taldist réttmæt í ljósi stöðunnar.
Marsfundir eru svokallaðir vinnustaðafundir. Þá segja ákveðnar konur frá vinnustað sínum og ef tækifæri gefst, er fundað á viðkomandi vinnustað. Í ár sögðu þær Oddný Stella og Steinunn frá vinnu sinni á SAK (Sjúkrahúsinu á Akureyri).
Á árinu veittu klúbbarnir eftirtalda styrki:
Styrkur til kaupa á húsgögnum í Þjónustumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Akureyri 200.000.-
Styrkur í byggingarsjóð Kvennaathvarfisns 300.000 .-
Styrkur vegna skólagjalda í HA. 86.250.-

Styrkur til YWPA styrkþega 35.000.-
Að auki var veitt verðlaunafé til útskriftarnema í HA að upphæð 25.000 kr.
Í júnímánuði var haft samband við Klúbbinn til að kanna hvort áhugi væri fyrir því að verðlauna útskriftarverkefni frá HA. Var það samþykkt og var Arnrún Vilhjálmsdóttir af heilbrigðissviði fyrir valinu. Meistaraverkefni hennar bar nafnið „Mér finnst bara að allar konur hafi áfallasögu í neyslu“: Reynsla kvenfanga í íslensku fangelsi af meðferðarúrræðum innan og utan fangelsis. Var henni sent 25.000 krónur ásamt viðurkenningarskjali frá klúbbnum.

Tvær konur sögðu sig úr klúbbnum á árinu en ein „gömul“ Zontakona gekk til liðs við klúbbinn aftur.

Sumarið bar með sér þær góðu fréttir að YWPA stúlkan okkar Embla Kristín hafi verið valin sem kandídat frá 13. umdæmi. Það er stór áfangi og sennilega í fyrsta sinn sem okkar kona hefur komist upp úr „riðlinum“.

Starfsárið 2020 – 2021 hélt áfram að litast af kórónaveirufaraldrinum. Eftir þokkulega veirufrítt sumar og haust tókst að ljúka aðalfundi þess starfsárs í september. Fyrsti fundur nýs starfsár var því haldin í október 2020. Alls voru haldnir 8 fundir á starfsárinu og voru 5 þeirra haldnir í gegnum Zoom fund. Starfsáætlunina þurfti því að spila af fingrum fram.
Í tilefni 16 daga átaksins héldu Zonkaklúbbarnir á Akureyri og Zoroptamistaklúbbur Akureyrar áfram samvinnu sinni. Send var ályktun í Dagskrána ásamt fréttatilkynningu til fjölmiðla. Óskað var eftir að valdar byggingar yrðu lýstar upp með appelsínugulum lit, ásamt því að nefndarkonur mættu í viðtal á N4. Samvinna klúbbanna var góð en því miður stóðu fáir við loforð sín um að lýsa upp byggingar og ályktanir klúbbanna voru ekki heldur birtar nema í fáum fjölmiðlum.
Breytingar voru gerðar á laufabrauðssölunni í nóvember þar sem klúbbkonur keyptu steiktar kökur og seldi og með því tókst að afla fjár með sölu laufabrauðs þó með breyttu sniði væri.
Á janúarfundi var meginverkefnið að fá kynningu á mögulegum styrktarverkefnum. Tveir gestafyrirlesarar mættu á Zoomfund og kynntu annars vegar starfsemi Kvennaathvarfsins á Akureyri og hins vegar starfsemi ungfrú Ragnheiðar, ásamt því að kynnt voru erlend verkefni Zontahreyfingarinnar.
YWPA nefndin sendi tölvupósta á 11 skóla og félög frá Sauðárkróki til Húsavíkur. Alls bárust 17 tilnefningar um stúlkur og 7 umsóknir bárust. Fyrir valinu varð Margrét Unnur Ólafsdóttir nemandi í MA.
Í tilefni 8. Mars hafði verið á stefnuskrá að halda opin fund, en það sem það var ekki heimilt sammæltust klúbbarnir 3, Zontaklúbbarnir á Akureyri og Soroptmistar á Akureyri að tileikna daginn fræðslu um ofbeldi á öldruðum. Á marsfundi, sem haldin var í raunheimum, var fjallað um ofbeldi tengt öldruðum. Erindin fluttu Anna Marit Níelsdóttir forstöðumaður félagsþjónustu Akureyrar og Friðný Björg Sigurðardóttir forstöðumaður stoðþjónustu á Öldrunarheimilinu Hlíð héldu erindi. Erindin voru tekin upp og höfðu hinir klúbbfélagar aðgang að upptökunum. Jafnframt því flutti Aðalheiður Steingrímsdóttir fróðlegt erindi um sögu 8 mars og verkalýðsbaráttu kvenna því tengdu.
Á starfsárinu voru veittir eftirfarandi styrkir:
Styrkur til Kvennaathvarfsins á Akureyri að upphæð 300.000kr
Styrkur til YWPA stúlkunnar okkar að upphæð 35.000
Erlend styrktarverkefni að upphæð 200.000 kr sem skiptust jafnt á milli verkefninna Ending Child Marriage og Hönd í Hönd.
Klúbburinn veitti viðurkenningu við útskrift HA og hlaut **Aija Burdikova** hana þetta árið. Aija útskrfaðist frá Hug – og félagsvísindasviði. Nafnið á meistararekefninu er Eastern European women in Akureyri.

Ein kona var tekin í klúbbinn á árinu en tvær konur sögðu sig úr klúbbnum.

Samantekt gerðu
Sesselja Sigurðardóttir formaður 2019 – 2020
Oddný Stella Snorradóttir formaður 2020 - 2021

Zontaklúbbur Akureyrar starfsárin 2019-2020 og 2020-2021
Skýrsla formanna. Klúbbur 0221, 3. svæði, 13. umdæmi

Fyrra starfsárið var Aðalbjörg Jónsdóttir formaður en Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir hið síðara.
Í júníbyrjun 2019 voru félagar 36, í júníbyrjun 2021 - 34 en í maílok 2021 voru þeir 30 . Á tímabilinu gengu tvær nýjar konur í klúbbinn en 8 hættu í honum.
Klúbburinn fagnaði 70 ára afmæli sínu sem var í júlí 2019 og nokkru seinna varð Zontahreyfingin 100 ára. Það voru 12 félagar sem tóku þátt í umdæmisþinginu í Kaupmannahöfn um miðjan september það ár og var það góð þátttaka.
Til að fagna sjötugsafmælinu skipulögðu afmælisnefnd okkar með fjáröflunarnefnd „Kjóla og kaffihús“ sem var haldið laugardaginn 31. ágúst, á Akureyrarvöku og heppnaðist afskaplega vel. Tjaldað var fyrir framan Zontahúsið þar sem kjólarnir voru seldir og streymdu viðskiptavinir að löngu áður en búið var að opna kjólasöluna. Kaffið og með því var svo inni í salnum.
Svæðisstjórinn, Þóra Ákadóttir, hélt formannafund í Zontahúsinu í lok september og sá fjáröflunarnefnd klúbbsins um veitingar á fundinum. Slíkir fundir eru mjög örvandi fyrir formenn og gaman að fara saman yfir það sem er framundan í starfinu. Annar fundur formanna var haldinn í Borgarfirði laugardaginn 15. febrúar.
Við tókum þátt í afmælishátíðinni þegar Zontahreyfingin varð 100 ára þann 8. nóvember og sendum fulltrúa okkar á hátíðina í Veröld hús Vigdísar og vorum nokkrar sem fylgdumst með því sem gerðist þar í fjarfundarbúnaði í Borgum rannsóknahúsi og nutum mikilla veitinga sem afmælisnefndin hafði skipulagt. Við lögðum fé í gjöf Zontasambandsins til Húsbyggingarsjóðs Kvennaathvarfsins í tilefni af afmælinu.
Fundir voru haldnir venju samkvæmt nema janúarfundurinn var brunch-fundur og haldinn frá kl. 11-13 á sunnudegi. Hrafnhildur Reykjalín Vigfúsdóttir kom og talaði um sjálfsvinsemd og var með léttar æfingar fyrir okkur og minnti á að það þarf líka að muna eftir sjálfum sér. Við stefnum að einum slíkum fundi á ári eftir þessa jákvæðu reynslu.

Á nóvemberfundi kynntumst við kolefnisbindingu og sagði Brynhildur Bjarnadóttir dósent við HA frá því hvernig slíkt fer fram en hún hefur einmitt mælt ferðir kolefnis um íslenskan skóg. Brynhildur Pétursdóttir fyrrum félagi kom og las úr ævisögu Nonna en afmæli hans var í nóvember.

Í febrúar var vinnustaðarfundur og heimsóttum við Skógarlund, miðstöð virkni og hæfingar sem Margrét I. Ríkarðsdóttir hefur stjórnað frá upphafi. Skoðuðum aðstöðuna og handverk notenda miðstöðvarinnar.

Þann 7. mars héldum við lítinn kynningarfund í Zontahúsinu og kynntum okkur og Zontahreyfinguna. En síðan tóku gildi samkomutakmarkanir og vegna COVID-19 féllu mars og aprílfundir niður og maífundi var frestað um viku. Sömuleiðis féll niður hádegisfundur sem jafnréttisnefndir klúbbanna á Akureyri höfðu skipulagt í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars og hét „Jafnréttiskynslóðin“ – áskoranir fjölskyldunnar á tímum jafnréttis. En þetta er sígilt viðfangsefni og við getum vonandi haldið þetta á næsta ári.

Þar sem samkomutakmarkanir hindruðu venjulega fjáröflun klúbbsins þá ákvað fjáröflunarnefnd að selja ungar plöntur sem félagskonur voru hvattar til að koma til þegar þær umpottuðu stofublóm sín eða snyrtu þau til. Myndir af plöntum þessum voru settar á facebook síðu klúbbsins ásamt verði plöntunnar og gat fólk skráð sig fyrir plöntu og komið síðan í Zontahúsið eftir hádegi á laugardegi í maí og sótt plöntuna og greitt umsamið verð. Þannig söfnuðust 223.000.- kr. sem síðan voru greiddar sem styrkur til Aflsins á aðalfundi þeirra í júní.

Í apríl höfðum við veitt þeim 150.000.- kr. styrk til starfsins enda mátti búast við aukinni þörf á þjónustu þeirra á tímum heimsfaraldurs.

Zontahúsið nýtist okkur í starfinu og til fjáröflunar og það er húsnefnd sem sér um útleigu, viðhald og umhirðu hússins og lóðarinnar. Húsnefnd hefur með Fjólu Björk formann nefndarinnar í fararbroddi, sótt um styrk til Húsafriðunarsjóðs Minjastofnunar fyrir gluggaviðgerð og viðgerð á þaki forstofu. Umsóknin var afgreidd í lok mars og fengust 4,2 milljónir kr. í styrk til þessa verkefnis, sem reiknað er með að kosti í heildina u.þ.b. 15 milljónir. Vegna COVID-19 og takmarkanir á samkomun og veisluhöldum dróst leiga salarins saman frá marsbyrjun að telja og mikill snjór og hraðar leysingar ollu vatnsaga í kjallara hússins og þurfti húsnefnd að ganga vaktir á tímabili við að dæla vatni úr kjallaranum. Það gekk ekki til lengdar og voru því keyptar tvær brunndælur sem dæla því vatni sem safnast undir kjallaranum.
Klúbburinn notar lokaða hópa á samskiptaforritinu facebook fyrir samskipti nefnda og til að miðla upplýsingum til félaganna. Enn fremur er opin facebook síða í nafni klúbbsins þar sem starf hans er kynnt og efni frá Zontahreyfingunni miðlað. Á heimasíðu klúbbsins eru upplýsingar um dagskrá starfsársins, nefndir klúbbsins og upplýsingar um formann og hvert á að snúa sér ef menn vilja leigja Zontasalinn fyrir veislu eða fund.

Starfsárið 2020 - 2021 einkenndist af vörnum gegn farsóttinni COVID-19 með tilheyrandi samkomutakmörkunum.
Klúbburinn veitti viðurkenningu fyrir besta prófverkefnið sem fjallaði um kvenfólk eða jafnrétti, við útskrift frá Háskólanum á Akureyri í júní. Það var Fayrouz Nouh sem fékk viðurkenninguna fyrir meistaraverkefni sitt um aðlögun og líðan arabískra kvenna utan höfuðborgarsvæðisins.

Húsnefnd hefur allt starfsárið stjórnað viðgerðum og endurnýjun á Zontahúsinu. Til stóð að skipta um glugga og hafa útlit þeirra sem upprunalegast og setja nýjan dúk á þak forstofunnar. Í ljós kom að forstofan var ónýt og þurfti að byggja hana frá grunni. Húsið var því lokað vegna viðgerða frá nóvember fram í maí. Það er mikil vinna að skipuleggja þessar viðgerðir og að útvega styrk úr Húsafriðunarsjóði Minjastofnunar til þess að smíða gluggana. Þær Fjóla Björk Jónsdóttir formaður húsnefndar og Fanney Hauksdóttir arkítekt hafa staðið sig með afbrigðum vel við umsjón og skipulag þessa stóra viðhaldsverks og nú er húsið heilt og eins og nýtt væri.

Við skárum hvönn í Hrísey einn dag um miðjan júlí eins og undanfarin ár og stjórnaði fjáröflunarnefnd því. Ekkert varð úr fyrirhuguðum viðburðum um sumarið vegna samkomutakmarkana og var plöntusala klúbbsins í maí helsta fjáröflun ársins.

Fráfarandi og núverandi formenn tóku þátt í rafrænu heimsþingi Zontahreyfingarinnar fyrir hönd klúbbsins og gekk það ljómandi vel og mætti alveg huga að upptökum eða streymi frá heimsþingum í framtíðinni.
Formaður tók þátt í fjarfundi stjórnar 13. umdæmis með formönnum íslensku klúbbanna og fór yfir nokkra þætti í starfi klúbbsins.
Formaður uppfærði kynningarefni um Zontahreyfinguna, upphaflega komið frá Zontaklúbbnum Emblu, sem ætlað er fyrir nýja félaga og í nóvember var glærusýningunni komið fyrir þar sem allir formenn íslensku klúbbanna gætu nálgast það og aðlagað til kynningar á sínum klúbbi.
Ekki var haldinn kynningarfundur þetta starfsár.
Svæðisstjóri hélt reglulega fjarfundi með formönnum en ekki var haldinn eiginlegur formannafundur.

Septemberfundur var haldinn tvisvar, fyrst fyrir þá sem treystu sér til að vera innan um annað fólk og strax á eftir endurtekinn í styttu formi fyrir þá sem vildu hafa gott pláss og fátt fólk.
Októberfundur og marsfundur féllu niður.
Nóvemberfundur var fjarfundur með glærusýningu um starf Nonnanefndar í 50 ár.
Desemberfundur var fjarfundur sem fjáröflunarnefnd vann og gerði jólalegan með spurningakeppni og jólasögu og heppnaðist vel þar til kom að því að syngju jólalag sem fór gersamlega út um þúfur.
Janúarfundur var sameiginlegur fjarfundur með fyrirlesara í boði Zontasambandsins. Hann var mjög fínn og er full ástæða til að koma slíkum fundi allra klúbba á dagskrá til frambúðar. Takk fyrir ZÍ.
Febrúarfundur var fjarfundur þar sem Ingibjörg Sigríðar Elíasdóttir lögfræðingur sagði frá sjálfri sér síðustu árin eftir að hún hóf störf hjá Umboðsmanni Alþingis.
Aprílfundur var gönguferð um Innbæinn þar sem dáðst var að endurbótum á Zontahúsinu, farfuglum fagnað, styttur skoðaðar og endað á kakó og kleinum í Minjasafnsgarðinum þar sem formaður sagði fáein vel valin orð.
Maífundur var svo haldinn í nýuppgerðu Zontahúsinu. Stjórnin gaf kost á sér í heilu lagi annað starfsár sem verður vonandi eðlilegra en þetta ár.

Á tímum heimsfaraldurs þar sem fólki er gert að halda sig fjarri öðru fólki þarf að endurskoða margt sem áður tíðkaðist. En mörgu má breyta og sumt er í raun betra og hægt að nýta áfram en annað sýnir manni að slíkt gengur ekki og er sjálfhætt.

Zontahreyfingin mjakast inn á aðra öldina og það er alltaf nóg af verkefnum sem snúa að því að ná jafnrétti og verjast ofbeldi af ýmsum toga.
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um jafnrétti til handa stúlkum og konum er það sem við vinnum að. Um leið styrkjum við okkur sjálfar og þegar við vinnum saman að markmiðum þá gengur allt svo miklu betur.

Í september 2021,
Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir, formaður Zontaklúbbs Akureyrar 2020-2021.

Formannsskýrsla Zontaklúbbs Akureyrar 2019-2020
Klúbbur 0221, 3. Svæði, 13.umdæmi

Stjórn

Aðalbjörg Jónsdóttir, formaður
Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir, varaformaður
Halla Margrét Tryggvadóttir, gjaldkeri
Bryndís Elfa Valldimarsdóttir, ritari
Kristín Sóley Björnsdóttir, meðstjórnandi
Árún K. Sigurðardóttir, stallari
Anna Lilja Hauksdóttir, varastallari

Haldnir voru 7 klúbbfundir, að þessum meðtöldum, 6 þeirra í zontahúsinu Aðalstræti en sameiginlegur fundur með Þórunni Hyrnu var haldinn í október 2019, að Brúnum í Eyjafjarðarsveit.
Stjórnarfundir voru 6, en þess á milli var stjórnin í tölvupóst og messenger sambandi.
Fundir voru óvenju fáir á þessu starfsári, vegna samkomubanns í kjölfar Covid19. Einnig hafði veðrið áhrif á fundi hjá okkur í vetur, því fresta þurfti jólafundinum vegna óveðurs og svo var líka óveður þegar febrúarfundurinn var haldinn. Á þessu starfsári gekk ein ný kona í klúbbinn, en þrjár konur sögðu sig úr klúbbnum. Ein þeirra hætti vegna flutninga og hefur hún hug á að ganga til liðs við Zontaklúbb Reykkjavíkur í haust.
Nú erum við því 34 talsins.
Starfsárið hófst á því að koma sér aðeins inn í formannsembættið með hjálp Guðrúnar Rósu, fyrrverandi formanns. Skipað var í nefndir og nefndarskipan send út til kvenna. Í þetta sinn var ákveðið að sameina húsnefnd og utanhúsnefnd, til að nefndarstörfin skiptust á fleiri hendur. Ég held að þetta hafi gefist vel.
Á formanns tímabilinu var aðalverkefni Zonta að koma í veg fyrir barnagiftingar. Verkefnið er unnið í samvinnu við stofnanir sameinuðu þjóðanna og hefur verið áberandi í umræðunni um réttindamál.
Á síðastliðnu ári var Zontahreyfingin 100 ára og Zontaklúbbur Akureyrar 70 ára. Vinna við skipulagningu afmælisviðburða var komin langt á veg, þegar ég tók við. Nánar um það síðar.
Um miðjan september, 12-15.9.19 var umdæmisþing í Kaupmannahöfn sem var tileinkað 100 ára afmæli Zonta. Þema þingsins var: Empower Women – Develop the World
Sub-theme: Women's past, present and future: Ending child marriage.
Afskaplega góð þáttaka var frá Íslandi um 50 konur og úr klúbbnum okkar voru 12 konur sem fóru á þingið. Þingið var að mörgu leiti gott, góðir fyrirlesarar, skemmtileg stund var á Ráðhústorgi þegar Z var gerð úr appelsínugulum regnhlífum og í lokahófinu om Alexandra hertogaynja og talaði m.a. um Zonta en hún er heiðursfélagi Zonta í Danmörku.
Fyrsti fundurinn á starfsárinu var haldinn þann 18.9.20. Á fundinum var farið yfir starfsemi liðins sumars og sagt stuttlega frá umdæmisþinginu.
Þann 28.9.19 hélt Svæðisstjórinn okkar, Þóra Ákadóttir, formannafund í Zontahúsinu. Góð mæting var á hann, konur úr fjáröflunarnefnd stóðu fyrir veitingum fyrir formennina. Mörg mál voru rædd á fundinum og var afar gott að hitta hina formennina, heyra hvað væri að gerast í þeirra klúbbum og ræða ýmis klúbbmálefni og hugmyndir um fjölgun félaga, fjáröflun og góð styrktarverkefni.
Zontaklúbburinn Þórunn Hyrna sá um sameiginlega fundinn okkar í október, sem að þessu sinni var haldinn að Brúnum í Eyjafjarðarsveit. Á fundinum var fjallað um umdæmisþingið og einnig sagði Ingibjörg Auðunsdóttir, formaður 100 ára afmælisnefndarinnar, frá undirbúningi og dagskrá afmælisins. Góð mæting var á fundinn.
Haldið var upp á 100 ára afmæli Zonta þann 8.11.19 í Veröld húsi Vigdísar Finnbogadóttur. Viðburðinum var streymt norður og var afmælið á Akureyri í Borgum húsi HA. Afmælisnefnd

Zontasambandsins stóð fyrir viðburðinum, sem þótti heppnast nokkuð vel. Streymið norður gekk vel, en mæting var með lakara móti. Það setti klárlega strik í reikninginn að verið var að heiðra Vigdísi Finnbogadóttur á sama tíma í HA (í annarri byggingu). Í tilefni afmælisins greiddi Zontasambandið styrk til Húsbyggingarsjóðs Kvennaathvarfsins og tók klúbburinn þátt í því.
Á nóvemberfundinum, 20.11.19, voru konur hvattar til að koma með höfuðfat til heiðurs Nonna, en hann átti afmæli 16. Nóvember. Á fundinn fengum við góða gesti, Brynhildur Bjarnadóttir, dósent við HA fræddi okkur um kolefnisbindingu og Brynhildur Pétursdóttir las úr bók Gunnars F. Guðmundssonar um Nonna. Þessi fundur var bæði fræðandi og nærandi og hefur komið oft upp í huga mér í vetur.
Jólafundinn okkar átti að halda þann 11.12.19, en þá var vonsku veður og mikil ófærð í bænum, þannig að ákveðið var að fresta fundinum til næsta dags. Næsta dag var Aðalstrætið aðeins fært stórum bílum, margar konur komust ekki á fundinn sem var fámennur, en góðmennur og hátíðlegur.
Að þessu sinni var janúarfundurinn „brunch-fundur“, stóð frá 11-13 sunnudaginn 19.1.20. Þessi nýbreytni heppnaðist afar vel og var fundurinn vel sóttur. Hrafnhildur Reykjalín Vigfúsdóttir kom og talaði um sjálfsvinsemd og var með léttar æfingar fyrir okkur, gott innlegg í upphafi árs.
Formannafundur var haldinn í Borgarfirði laugardaginn 15.2.20 og héldum við Þóra og Inga Margrét saman á hann daginn áður.
Febrúarfundurinn var að venju vinnustaðafundur. Margrét Ingibjörg Ríkharðsdóttir bauð okkur í Skógarlund, miðstöð virkni og hæfingar. Sjálf hafði ég aldrei komið í Skógarlund áður og var afskaplega hrifin, greinilega mikið og gott starf sem er unnið þar. Nýr félagi, þóra Ólafsdóttir Hjartar var tekin í klúbbinn á þessum fundi. Veðrið var vont þetta kvöld sem hafði án efa áhrif á mætingu. Þessi fundur var síðasti fundur klúbbsins fyrir covid19 og samkomubann.
Mars og apríl fundir féllu niður vegna samkomubanns.
Mai fundi var seinkað um viku. Upplýsingar um þær konur sem gefa kost á sér til stjórnarstarfs næsta vetur voru sendar út í tölvupósti. Kjósa þarf varaformann, ritara, varastallara og meðstjórnanda. Í framboði eru: Guðríður Gyða til formanns, Margrét Ríkharðsdóttir til varaformanns, Halla Margrét Tryggvadóttir heldur áfram sem gjaldkeri, Auður Ingólfsdóttir til ritara, Anna Lilja Hauksdóttir stallari, Guðrún Gunnarsdóttir til varastallara.

Nefndarstarf.
Í klúbbnum eru nú 9 nefndir. Tvær stærstu nefndirnar eru fjáröflunarnefnd og húsnefnd en eins og ég nefndi fyrr voru húsnefnd og utanhúsnefnd sameinaðar síðastliðið vor.
Sem formaður fær maður tækifæri til að fylgjast með starfi nefndanna á annan hátt og maður sér hversu mikið starf hver nefnd vinnur. Tenglsin sem skapast á milli kvenna í nefndunum þegar unnið er að því að leysa verkefni og ánægjuna þegar að gengur vel.
Fjáröflunarnefnd hóf starfsárið með því að skipuleggja ferð í hvannaskurð í Hrísey, eingöngu var frið einu sinni þetta sumarið en mæting var góð og gott veður.
Afmælisviðburðurinn okkar „Kjólar og kaffihús“ var haldinn laugardaginn 31. Ágúst, á Akureyrarvöku og heppnaðist afskaplega vel. Afmælisnefnd zontaklúbbsins ásamt fjáröflunarnefnd skipulögðu viðburðinn. Tjaldað var fyrir framan Zontahúsið og streymdu gestir/viðskiptavinir að löngu áður
En búið var að opna kjólasöluna.
Fjáröflunarnefnd sá um jólafundinn að venju, fresta þurfti fundinum um sólarhring vegna óveðurs.
Fjáröflunarnefnd var búin að skipuleggja heilmikla dagskrá nú í vor sem fella þurfti niður vegna covid19 og samkomubannsins. Ég er ákaflega stolt af nefndinni, þær létu þetta ástand ekki stoppa sig og nú á vordögum héldu þær rafræna afleggjarasölu sem var afskaplega vel sótt

og söfnuðust hvorki meira né minna en 223000.- kr. sem verða greiddar sem styrkur til Aflsins á aðalfundi þeirra um mánaðamótin næstu. Þetta var frumraun klúbbsins á þessa vegu og nefndin hefur tekið saman leiðbeiningar, kosti og galla, þannig að auðveldara verði að endurtaka þetta ef áhugi er fyrir því.
Húsnefnd hefur haft í nægu að snúast. Nefndin hefur, með Fjólu Björk í fararbroddi, keyrt áfram það mikla verkefni að viðhalda húsinu okkar leigja út salinn og íbúðina á efri hæðinni. Mikil vinna fór í undirbúnig þess að sækja um styrk til Húsafriðunarsjóðs fyrir gluggaviðgerð og viðgerð á þaki í forstofu. Umsóknin var afgreidd í lok mars og fengust 4,2 milljónir kr í styrk til þessa verkefnis, sem reiknað er með að kosti í heildina uþb 15 milljónir. Þetta var afar ánægjulegt og í raun meiri styrkur en við áttum von á að fengist.
Nefndin hélt vinnudag í lok febrúar, eldhúsið tekið í gegn og stólarnir þrifnir með teppahreinsivél ofl.
Covid19 setti strik í reikninginn á útleigu salarins, en vonandi hefst hún aftur nú þegar samkomubanni léttir, eða amk í haust.
Eins og við vitum var veturinn óvenju snjóþungur, í febrúar byrjaði að flæða vatn inn í kjallarann vegna leysinga og nefndin lenti í mikilli vinnu við vatnsaustur. Ekki tók betra við um páskana, en þá fylltist kjallarinn af vatni og var tekin sú ákvörðun að setja brunndælu í suðvesturhorn kjallarans þar sem mest vatnið kom upp. Þetta var þó skammgóður vermir, því vatnsmagnið sem kom upp um gólfið jókst og jókst, þannig að leigja þurfti vatnssugu til að dæla upp 1000-1500 lítrum af vatni á tveggja tíma fresti. Fjóla setti upp vaktaplan og skiptust konur á að dæla vatninu. Húsnefndin hefur því haft í nógu að snúast í vetur.
Valnefnd hélt kynningarfund fyrir nýja félaga laugardaginn 7. Mars. Boðið var upp á dýrindis súpu og brauð. Tvvær konur komu á fundinn auk Zontakvenna og er önnur þeirra hér með okkur í kvöld, Björg Erlingsd. Sem ætlar að ganga í klúbbinn á september fundi.

Jafnréttisnefnd var búin að undirbúa viðburðinn „Jafnréttiskynslóðin“ – áskoranir fjölskyldunnar á´tímum jafnréttis á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. Mars. Þetta átti að vera hádegisfundur að venju og átti ágóðinn af honum að renna til Aflsins. Búið var að leggja mikla vinnu í undirbúning og fá góða fyrirlesara, Dr. Mörtu Einarsdóttur sérfræðing hjá RHA, Tryggva Hallgrímsson frá Jafnréttisstofu og Helgu Hrönn Óladóttur umdæmisstjóra streituskólans. Því miður þurfti að fella fundinn niður vegna samkomubanns út af covid. Þrátt fyrir að viðburðurinn hefði fallið niður ákvað stjórnin að greiða 150000 kr. styrk til Aflsins, en til þessa hefur ágóði af þessum viðburðinum runnið til félagsins.
Ég hef ekki heyrt frá öðrum nefndum.
Zontaklúbburinn heldur úti facebooksíðunni zontaklúbbur Akureyrar sem er opin síða með upplýsingum um klúbbinn. Svo er innra starf ZA sem við notum töluvert og er þægilegt að koma upplýsingum til klúbbkvenna þar. Einnig reynir formaður að senda út tölvupóst.
Að lokum.
Sem formaður kynnist maður betur því alþjóðlega starfi sem Zonta vinnur, tölvupóstar koma reglulega frá höfuðstöðvunum varðandi ýmis málefni. Einnig fær maður tölvupóst frá umdæmisstjóranum og svæðisstjóranum. Maður hefur tækifæri til að kynnast formönnum hinna klúbbanna á Íslandi og því sem er að gerast hjá þeim.
Afmæli: Gyða, eva, Guðrún Rósa, Sólveig Eiríks og munum við greiða afmælisgjöf til eins verkefnis að þeirra vali fyrir þeirra hönd.
Ég þakka stjórnarkonum samstarfið, það er skemmtilegt að vinna í stjórn þar sem konur eru samhentar, áhugasamar og leysa verkefnin sem liggja fyrir. Þá taka hlutirnir heldur ekki langan tíma. Nýrri stjórn óska ég góðs gengis!

27.5.20 Aðalbjörg Jónsd.

Ársskýrsla Zontaklúbbs Akureyrar 2020-2021
Klúbbur 0221, 3. svæði, 13. umdæmi

Stjórn

Formaður:	Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir
Varaformaður:	Margrét I. Ríkarðsdóttir
Gjaldkeri:	Halla Margrét Tryggvadóttir
Ritari:	Auður H. Ingólfsdóttir
Meðstjórnandi:	Klara S. Sigurðardóttir
Stallari:	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir
Varastallari:	vantar

Starfsárið einkenndist af vörnum gegn farsóttinni COVID19 með tilheyrandi samkomutakmörkunum.
Haldnir voru þrír klúbbfundir, septemberfundur og maífundur haldnir í Zontahúsinu í Aðalstræti 54 en aprílfundur var göngufundur um Innbæinn og endaði í Minjasafnsgarðinum. Októberfundur og marsfundur féllu niður en nóvember-, desember- og febrúarfundir voru fjarfundir. Í janúar var haldinn sameiginlegur fjarfundur á vegum Zontasambands Íslands fyrir alla klúbbana á Íslandi.
Stjórnin hélt 8 stjórnarfundi og voru 5 þeirra fjarfundir.

Félagar voru 34 í júníbyrjun. Tveir voru í leyfi. Einn nýr félagi bættist við en 5 hættu og nú eru 30 félagar í klúbbnum.

Starfsárið hófst með því að við formennirnir sátum aðalfund Aflsins, samtaka gegn kynferðis- og heimilisofbeldi og afhentum þeim það fé sem safnaðist á plöntusölu klúbbsins í fyrra mánuði.

Klúbburinn veitti verðlaun fyrir besta prófverkefnið sem fjallaði um kvenfólk eða jafnrétti, við útskrift frá Háskólanum á Akureyri í júní. Það var Fayrouz Nouh sem fékk verðlaunin fyrir meistaraverkefni sitt.

Húsnefnd stóð fyrir tiltekt og snyrtingu í og við Zontahúsið í júníbyrjun og hefur allt starfsárið stjórnað viðgerðum og endurnýjun á Zontahúsinu. Til stóð að skipta um glugga og hafa útlit þeirra sem upprunalegast og setja nýjan dúk á þak forstofunnar. Í ljós kom að forstofan var ónýt og þurfti að byggja hana frá grunni. Húsið var því lokað í vetur frá því í nóvember en viðgerðum lauk í byrjun maí og tókust mjög vel. Það er mikil vinna að skipuleggja þessar viðgerðir og útvega styrk úr Húsafriðunarsjóði Minjastofnunar til þess að smíða gluggana. Þær Fjóla Björk Jónsdóttir formaður húsnefndar og Fanney Hauksdóttir arkítekt hafa staðið sig með afbrigðum vel og við hinar þökkum þeim innilega fyrir alla vinnuna.

Fulltrúar klúbbsins tóku þátt í Heimsþingi Zontahreyfingarinnar sem vegna COVID19 fór fram á netinu. Þetta tókst vel og var undirbúningur til fyrirmyndar þannig að atkvæðagreiðslan gekk snurðulaust fyrir sig.

Við skárum hvönn í Hrísey einn dag um miðjan júlí eins og undanfarin ár og stjórnaði fjáröflunarnefnd því. Ekkert varð úr áætluðum viðburðum um sumarið vegna samkomutakmarkana og var plöntusala klúbbsins í maí helsta fjáröflun ársins.

Í lok ágúst var fjarfundur stjórnar 13. umdæmis með formönnum íslensku klúbbanna þar sem við sögðum frá starfi klúbbanna. Við í Z. Akureyrar uppfærðum kynningarefni fyrir nýja félaga

sem félagar í Z. Emblu höfðu sett saman fyrir næst síðasta tvíæring og breyttum því svo fyrir núverandi starfstímabil. Kynningarefnið var í nóvember gert aðgengilegt formönnum allra íslensku klúbbanna.
Valnefnd vann félagatal sem í þetta sinn var geymt á netinu í lokuðum facebook-hópi klúbbsins. Upplýsingar um nefndir voru einnig aðgengilegar á heimasíðu klúbbsins.
Engir kynningarfundir voru haldnir þetta árið.

Í staðinn fyrir einn formannafund að hausti þá voru haldnir fjarfundir formanna með svæðisstjóranum Sigríði Björnsdóttur, oftast einn í hverjum mánuði. Það var mjög gott fyrirkomulag sérstaklega á þessum tíma samkomutakmarkana og sóttvarna.

Septemberfundur var haldinn í Zontahúsinu og haldinn í tvennu lagi til þess að þær sem vildu forðast margmenni gætu fengið fámennan fund þegar sá fyrri var búinn. Formaður kynnti ný styrktarverkefni þessa tvíærings og sagði frá nokkrum atriðum af heimsþinginu þar sem aldarafmæli Zontahreyfingar¬innar var fagnað.
Einn nýr félagi gekk í klúbbinn. Farið var yfir nokkur atriði sem til stóð að hafa á dagskránni í vetur.
Mæting 20 manns.

Októberfundur féll niður vegna samkomutakmarkana. Í sárabót kynntu tveir félagar, einn nýlega byrjaður en hinn eftir aldarfjórðungslanga veru í klúbbnum, ætt sína og uppruna ásamt starfsferli í máli og myndum í lokuðum facebook-hópi klúbbsins.

Nóvemberfundur var fjarfundur þar sem formaður sem á tímabili leiddi Nonnanefnd, endursýndi glærusýningu um Nonnahús sem í rúm 50 ár var aðalverkefni klúbbsins. Nóvemberfundur var helgaður Nonnasafninu en nú rifjum við upp brot úr sögu klúbbsins í staðinn. Jafnréttisnefnd ræddi 16 daga átakið sem í ár byggir á appelsínugulri lýsingu í stað ljósagöngu með kyndla um miðbæinn. Fjarfundinum var skipt upp í fjögurra manna hópa og gefinn tími til að ræða málin í minni hópum.
Mættir voru 23.

Desemberfundur var fjarfundur og hafði fjáröflunarnefnd lagt vinnu í að gera hann jólalegan og gleðilegan og það tókst vel. Fyrir utan jólalega umgjörð þess sem sást á skjánum þá tókst að skapa gleðilega stemningu. Það var spurningakeppni um jólasveina og önnur tengd atriði, púslmynd sem geta átti upp á hvað sýndi strax og mögulegt væri, sagt frá þýskum jólasiðum og gömlu jólaskrauti með sögu. Svo var hugvekja og jólasaga og kertaljós og íhugun í þögn. Svo sungum við saman en það misfórst hrapalega.
Mæting 20 manns.

Janúarfundur var fjarfundur í boði Zontasambands Íslands ætlaður öllum zontaklúbbum landsins þar sem Vilborg Arna pólfari og fjallagarpur sagði frá ferðum sínum og því sem að baki þeim býr. Everest er 8848 m hátt og býður upp á mannskæð snjóflóð og jarðskjálfta. Mjög fróðlegt að heyra sagt frá þessu og hversu mjög þetta tekur á sálina líka.
Mæting 12 manns. Litum á þetta sem sameiginlegan fund með Z. Þórunni hyrnu þetta árið.

Febrúarfundur var fjarfundur. Blað Zontahreyfingarinnar, the Zontian, er komið út og þar er kynning á því sem unnið verður að þessi tvö árin. Ingibjörg Sigríðar Elíasdóttir lögfræðingur sagði frá lífi sínu. Eftir að hafa unnið lengi á Akureyri þá fékk hún starf hjá Umboðsmanni Alþingis árið 2019 við frumkvæðismál og flutti til Reykjavíkur. En svo uppgötvast forstig brjóstakrabbameins hjá henni. Hún lýsti veikindum og vinnu og endasleppri endurhæfingu að

loknu brjóstnámi. Síðan var staða hennar lögð niður og nú vinnur hún í að ná betri heilsu hjá Ljósinu. Þetta var frásögn sem snerti mann.
Nefndir sögðu frá starfi sínu. Jafnréttisnefnd: Við tökum þátt í vitundarvakningu um ofbeldi gegn öldruðum í marsmánuði. En ekki verða haldin erindi þann 8. mars þetta árið vegna samkomutakmarkana.
Mættir 15 manns.

Marsfundur féll niður vegna hertra samkomutakmarkana daginn eftir fyrirhugaðan fund.

Aprílfundur var göngufundur. Hófst við Zontahúsið og þaðan var gengið og skoðaðar styttur í nágrenninu, fuglar á tjörninni og aðrir vorboðar. Komið til baka og kakó og kleinur ásamt því sem tillaga stjórnar um að árgjald 2021-2022 yrði 20.000 kr. var samþykkt. Einnig fól fundurinn stjórn að ákveða til hvaða verkefna Zontahreyfingarinnar skyldi greiða þetta árið.
Nú er ákveðið að umdæmisþingið í Egersund í Noregi verði rafrænt dagana 10.-12. sept. og samhliða verði landsfundur okkar haldinn á Hafnarfjarðarsvæðinu í umsjón Z. Sunnu dagana 10. og 11. sept.
Þetta fundarform þótti gott og mættu 14 manns í gönguna.

Maífundur er aðalfundur klúbbsins og haldinn í Zontahúsinu. Sökum þess hversu þetta starfsár var undirlagt af vörnum gegn kórónuveiru þá gaf stjórnin kost á sér í eitt ár í viðbót með þeirri smálegu breytingu að það þyrfti að útvega varaformannsefni. Þar var hins vegar fátt um framboð þannig að varaformannsefni þar næsta starfsárs gefur kost á sér í stjórn á komandi starfsári sem meðstjórnandi. Fundurinn samþykkti þetta fyrirkomulag stjórnar einróma.
Þrátt fyrir styrk úr húsafriðunarsjóði hafa endurbætur á Zontahúsinu einkum það að byggja þurfti forstofuna frá grunni, krafist þess að klúbburinn tæki fyrst yfirdráttarlán en síðan lán, til að geta staðið í skilum á kostnaði við efni og vinnu við framkvæmdirnar. Ársreikningur sýndi þetta mjög skýrt. Formaður húsnefndar sýndi einnig sundurliðun kostnaðar við framkvæmdirnar og fór yfir hvernig þetta gekk í vetur. Nú þegar salurinn er aftur nothæfur þarf að nýta hann til að afla fjár og stjórn og húsnefnd munu leita eftir styrkjum þar sem þess er kostur.
Við fögnum því að þetta óvenjulega starfsár er brátt að baki og fögnum sumri og betri tíð.
Mæting 18 manns.

Zontahreyfingin mjakast inn á aðra öldina og það er alltaf nóg af verkefnum sem snúa að því að ná jafnrétti og verjast ofbeldi af ýmsum toga.
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um jafnrétti til handa stúlkum og konum er það sem við vinnum að. Um leið styrkjum við okkur sjálfar og þegar við vinnum saman að markmiðum þá gengur allt svo miklu betur.

Takk fyrir veturinn og gleðilegt sumar.
Akureyri 19. maí 2021
Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir